



Jafnréttisáætlun Mánalands

Ábyrgðaraðili:

Nichole Leigh Mosty, leikskólastjóri

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Ábyrgð og gildistími	4
Nám og kennsla.....	4
Barnahópurinn	4
Foreldrar	6
Kennarar og annað starfsfólk.....	7
Starfsráðningar, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun.....	9
Einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni	11
Heimildir:.....	12

Inngangur

Jafnréttisáætlun leikskóla byggir á lögum um [jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020](#), [lögum um jafna meðferð utan vinnumarkaðar nr. 85/2018](#), [lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018](#), [Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr.33/1944](#) og [Jafnréttisáætlun Mýrdalshrepps 2021](#). Jafnræðisregla stjórnarskrárinnar kveður á um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórn mála-skoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Sérstaklega er kveðið á um jafnan rétt kynjanna. Jafnræðisregla stjórnarskrárinnar er grundvöllur jafnréttisáætlunar Mánalands og á við um börn, foreldra, starfsfólk leikskólans og á að tryggja að jafnrétti nái til allra í leikskólasamfélaginu.

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í Aðalnámskrá leikskóla 2011 er fjallað um að starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildum. Þar er einnig lögð áhersla á að tryggja að réttindi barna séu virt. Markmið leikskólans eru að náms-, kennslu-, og starfshættir leikskóla eigi að koma í veg fyrir mismunun.

Markmið og aðgerðir sem skilgreint er í jafnréttisáætlun Mánalands tekur sérstaklega til nemenda og starfsfólks. Samskipti einstaklinga eiga að grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi, sem er forsenda þess að hverjum og einum líði vel. Gagnkvæmt traust og jákvæð og uppbyggileg samskipti móta leikskólabrag og starfsanda öðru fremur. Leikskólastarfi í anda jafnréttis tekur mið af mismunandi hæfileikum, bakgrunni og eiginleikum fólks. Í öllu leikskólastarfi Mánalands er haft að leiðarljósi að tækifæri nemenda og starfsfólks byggi fyrst og fremst á áhuga, hæfileikum og færni.

Jafnréttisáætlun leikskólans er kynnt fyrir þeim sem að leikskólastarfinu koma. Áætlunina má nálgast á heimasíðu leikskólans, www.manaland.leikskolinn.is.

Jafnréttisáætlun Mýrdalshrepps byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr.150/2020 og tekur til stjórnkerfis og starfsmanna sveitarfélagsins annars vegar og hins vegar til þeirrar starfsemi og þjónustu sem stofnanir sveitarfélagsins veita íbúunum. Auk þess eru í áætluninni tilmæli til einstaklinga, yfirvalda, stofnana og fyrirtækja sem ekki heyra undir stjórn sveitarfélagsins.

Í jafnréttisáætlun Mýrdalshrepps segir:

- „Því er beint til stjórnenda í skólum sveitarfélagsins að fylgja því eftir með skýrum hætti að staða kynjanna í skólum sveitarfélagsins sé jöfn og að öll börn og ungmenni séu hvött til að nýta hæfileika sína til fulls, bera virðingu hvert fyrir öðru og efla jákvæð samskipti kynjanna.“

Ábyrgð og gildistími

Leikskólastjóri ber ábyrgð á að jafnréttisáætlunin sé unnin í samræmi við lög og reglur og hún er uppfærð samkvæmt lögum á þriggja ára fresti. Leikskólastjóri Mánalands ber ábyrgð á að unnið sé samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla í öllu starfi leikskólans.

Jafnréttisáætlunin tekur gildi 15.04. 2024. Samkvæmt 5. gr. í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna 150/2020 skal endurskoða áætlunina á þriggja ára fresti. Næsta endurskoðun fer fram 15.04. 2027.

Nám og kennsla

Leikskólastarf Mánalands tekur mið af því samfélagi sem Mýrdalshreppur er. Stefnt er að því að þróa leiðir sem stuðla að góðum náms- og kennsluháttum sem endurspegla samfélagsþróun tengt fjölbreyttri samsetningu íbúanna þar sem stuðlað er að inngildingu og jafngildi. Hér er lögð áhersla á nám og kennslu í gegnum leik þar sem börnin fá fræðslu um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir. Eitt af viðfangsefnum eru samfélagsbreytingar hér í Vík í Mýrdal sem tengjast fjölmenningsarsamfélagi. Með jafnrétti er einnig lögð áhersla á félagslegan skilning á því hvað felst í fötlun. Áskoranir fólks með fötlun eiga ekki síður rætur í umhverfinu en í skerðingu einstaklingsins. Leggja skal áherslu á skóla án aðgreiningar og stuðla að jafngildi í öllu skólastarfinu.

Leikskólinn leggur áherslu á að kennsluhættir séu fjölbreyttir og að verkefni barnanna séu af ólíkum toga í þeim tilgangi að koma til móts við ólíkar þarfir og áhuga barnanna. Fræðsla er snýr að jafnrétti og fjölmenningu er fléttuð inn í lífsleikni með ýmsum verkefnum sem geta komið til móts við ólíkar þarfir barna og inn í allt leikskólastarfið. Starfsfólk leikskólans skal skoða og meta námsefni út frá jafnréttissjónarmiðum í víðu samhengi tengt samfélaginu sem börnin búa í. Öll börn eiga að geta komið skoðunum sínum á framfæri og virðing skal borin fyrir ólíkum skoðunum.

Barnahópurinn

Í öllum starfsháttum leikskólans skal þess gætt að börnunum sé ekki mismunað og að komið sé til móts við þau óháð kynferði, kynhneigð, aldri, útliti, fötlun, uppruna, tungumálum og trúarskoðunum. Leitast skal við að mæta þörfum allra barna í leikskólastarfinu.

Lögð er áhersla á að börnin læri að þekkja og tjá eigin tilfinningar. Jafnframt er þeim kennt að virða tilfinningar annarra óháð uppruna, kyni, búsetu, trú eða fötlun. Námsgögn mega á engan hátt mismuna börnum enda eiga þau öll jafnan rétt til náms. Enn fremur á námsefnið að stuðla að jafngildi og tryggja að hver og einn fái verkefni við hæfi. Vinna með börnunum skal vera í anda jafnréttis þar sem lögð er áhersla á að þau rækti með sér samkennd og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra. Þá skal hafa að leiðarljósi í leikskólastarfinu að þátttaka kynjanna í sem flestum þáttum starfsins sé sem jöfnust.

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 er kveðið á um að allir eigi að hafa jafnan aðgang að menntun og að leikskólastarf megi ekki mismuna fólki á grundvelli uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu,

stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti. Í Aðalnámskrá leikskóla 2011 kemur fram:

„Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.“

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Gæta þarf að kynjasambættingu við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfinu hjá öllum sem að skólastarfinu koma.	Í stefnumótun, við endurskoðun á skólanámskrá og í allri áætlanagerð, skal kynjajafnrétti haft að leiðarljósi.	Leikskólastjóri. Starfsfólk.	Þegar unnið er að hverju viðfangsefni fyrir sig.
Leikefni, kennslu- og námsgögn eiga að stuðla að jafnrétti og jafngildi allra.	Við innkaup skal tryggt að kennslu- og námsgögn skólans séu ekki kynjuð. Orðræðan þarf að vera þess eðlis að börnin finni að viðfangsefni sé fyrir alla. Hvetja á börnin til að nota leikefni sem þau hafa sniðgengið.	Allt starfsfólk.	Árlega er farið yfir leikefni og kennslu- og námsgögn. Á starfsdegi að hausti er rætt um mikilvægi orðræðunnar.
Gæta þarf að því að ekki sé ýtt undir staðalímyndir og að jafnvægi sé á milli kynjafyrirmynda, bakgrunns, trúarbragða, kynþáttar og hugmynda sem birtast í textum og bókum. Vinna skal gegn staðalímyndum.	Mikilvægt er að vera meðvitaður um texta og myndir í bókum. Ef það hallar á einhvern er mikilvægt að ræða það við barnahópinn. Þá er einnig hægt að breyta textanum þannig að hann falli að hugmyndum um kynjajafnvægi, að gætt sé að mismunun eða fordómum.	Allt starfsfólk.	Á alltaf við.
Jafnræðis skal gætt í framkomu og viðmóti	Fræðsla til starfsfólks til að hver og einn skoði eigin	Allt starfsfólk.	Á alltaf við.

kynjanna og að þau njóti sömu hvatningar og örvunar í skólastarfinu.	viðhorf til jafnréttiskennslu og hafi skilning á nauðsyn þess að börnin fái sama viðmót og sömu hvatningu. Stuðla að vináttu og samleik.		
Að vinna gegn viðhorfum sem leitt geta til aðstöðumunar vegna kyns, kynþáttar, trúarbragða, uppruna, fötlunar og kynhneigðar.	Að starfsfólk sé meðvitað um orðræðu sína og skoði og ræði viðhorf sín. Þannig gerir starfsfólk sér betur grein fyrir hugsanlegum fordómum og verði þ.a.l. tilbúnara að umhverfi sé laust við fordóma.	Allt starfsfólk.	Á alltaf við.
Að koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni, mismunun eða fordómum tengt áreitni eða ofbeldi í leikskólanum.	Mikilvægt er að mismuna ekki börnum í leik vegna kyns, kynþáttar eða uppruna. Ræða skal vináttu og samskipti í samverustund og í leik. Að vera ávallt til staðar þar sem börn eru í leik og starfi og vera tilbúin að grípa inn í. Lesa bókina: „Þetta eru mínir einkastaðir“ fyrir tvo elstu árgangana. Í leikskólanum eru ávallt tveir starfsmenn í upphafi og lok dags. Starfsmaður er aldrei einn með barni.	Allt starfsfólk.	Á alltaf við. Sérstaklega tekið fyrir hjá elstu árgöngum hverju sinni, að hausti og eftir áramót.

Foreldrar

Í samfélagi leikskóla ríkir mikil fjölbreytni þar sem ólíkir einstaklingar með ólíkan uppruna og ólík fjölskylduform koma saman. Börn sem búa í fjölbreyttu samfélagi hafa rétt á því að ólíkt umhverfi þeirra séu gild og virt í samfélaginu og þá sérstaklega innan leikskóla og meðal starfsfólks hans. Hafa þarf í huga að foreldrahlutverkið er ekki kyngert lengur og er það skilgreint út frá hagsmunum barnanna fremur en hagsmunum foreldranna, ef fleiri en einn standa að baki barns ber að líta á foreldra sem jafngilda í foreldrasamstarfinu, hvort sem þau/þær/þeir eru í sambúð eða ekki. Foreldrar, óháð kyni, eru hvattir jafnt til þátttöku í leikskólastarfinu hér hjá okkur. Leitast er við að hafa upplýsingastreymi jafnt til foreldra hvers nemanda óháð tungumáli og skal starfsfólk nota túlk og þýðingarþjónustu að ósk foreldra. Stuðlað er að góðum samskiptum og góðu samstarfi við foreldra.

Í Aðalnámskrá leikskóla 2011 stendur;

„Liðan barns í leikskóla er samtvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna. Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi. Þar ber leikskólakennurum og öðru starfsfólki að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu. Samstarf starfsfólks leikskóla og foreldra þarf að byggjast á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hverra annarra. Mikilvægt er að á milli þessara aðila ríki traust, þeir geti deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða einstök börn.“

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Að foreldrar séu hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu	Foreldrar óháð kyni eða bakgrunni eru hvattir til þátttöku og upplýsingar eru sendar til allra aðila og á mismunandi tungumálum.	Leikskólastjóri.	Upplýsingar eru sendar í tölvupósti og auglýsingar frá leikskólanum eru settar fram á heimasíðu skólans.
Að stuðla að góðum samskiptum sem einkennast af virðingu, samkennd, fagmennsku og víðsýni.	Kalla skal eftir upplýsingum frá foreldrum um hagi, búsetu, tungumál og annað sem gæti haft áhrif á samstarf og tengingu skólans við fjölskyldu. Starfsfólk fái fræðslu um menningarnæmi og foreldrasamstarf.	Leikskólastjóri og starfsfólk annast upplýsingamiðlun milli foreldra og leikskólans. Leikskólastjóri.	Við upphaf leikskóladvalar fá foreldrar upplýsingar og þeim er breytt eftir þörfum. Fara skal reglulega yfir upplýsingar til að tryggja að allt sé rétt skráð. A.m.k. annað hvert ár.

Kennarar og annað starfsfólk

Starfsfólk Mánalands á að njóta sömu réttinda til endurmenntunar og starfspjálfunar óháð uppruna, kyni, búsetu, trú eða fötlun. Einnig á það að búa við jafna möguleika til stöðuhækkana, stöðubreytinga og breytinga á vinnuaðstæðum. Launajafnrétti er í leikskólanum fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf. Öllu starfsfólki þarf að vera ljóst að kynferðisleg áreitni, kynbundið ofbeldi eða áreitni verða aldrei liðin í leikskólanum. Starfsmenn eiga alls ekki að sætta sig við

kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni, mismunun eða fordóma, birtingarmyndin getur verið ólík, s.s. orð eða látbragð.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á því að mismunun, fordómar, kynferðisleg áreitni, kynbundið ofbeldi eða kynbundin áreitni viðgangist ekki í leikskólanum og meðferð slíkra mála er í hans höndum.

Í anda jafnréttislaga á leikskólastjóri að leitast við að gera nauðsynlegar ráðstafanir þannig að allir starfsmenn geti samræmt sem best starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu sinni.

Starfsþróun og símenntun eru aðgengileg öllu starfsfólki. Starfsfólk á að fá fræðslu um nýjungar á sviði jafnréttismála og jafna meðferð á vinnustaðnum til að það geti tekið þátt í umræðu og kynnt sér rannsóknir og þ.m.t. leikskólar sem hafa náð árangri á því sviði.

Þess skal gætt í hvívetna í öllum starfsháttum leikskólans að starfsfólki sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynhneigðar, aldurs, útlits, ætternis, fötlunar, heilsufars, uppruna, trúar – eða stjórnmálaskoðana.

Jafnréttisáætlun Mánalands er rædd árlega á starfsmannafundi.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Framgangur
Leikskólinn er fjölskylduvænn vinnustaður sem styður jafnvægi milli vinnu og einkalífs.	Vinnutími er sveigjanlegur eftir aðstæðum. Vinnurammi er unninn í samráði við starfsfólk. Starfsfólk á afturkvæmt í störf eftir orlof (veikindi/fæðingarorlof). Starfsfólk á þess kost að minnka/auka við sig starfshlutfall ef fjölskylduaðstæður krefjast þess. Átætlun vegna vinnustyttingar er innleidd og hefur verið fylgt eftir til að tryggja að starfsfólk fái tækifæri til að	Leikskólastjóri.	Þegar og ef breytingar krefjast annars eiga þessar aðgerðir alltaf við.

	samræma einkalíf og vinnu.		
Allir starfsmenn hafi möguleika á símenntun og séu hvattir til að nýta sér það sem í boði er hverju sinni.	Í starfsmannasamtölum eru óskir starfsmanns settar fram og tekið er tillit til áhuga starfsmanns sem og þörf á starfsþjálfun og símenntun við hæfi og er það gert með jafngildi að leiðarljósi.	Leikskólastjóri.	Árlega.
Allt starfsfólk óháð kyni, uppruna, aldri eða fötlun fær sömu laun og nýtur sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf (<i>skv. kjarasamningi SÍS og viðeigandi stéttarfélags</i>)	Laun eru greind árlega og fríðindi starfsmanna til að kanna hvort um kynbundinn launamun sé að ræða.	Leikskólastjóri og miðlægur skrifstofustjóri Mýrdalshrepps fara með ábyrgð launa- og mannauðsmála.	Árlega eða við breytingar á launakjörum, til dæmis við gerð nýrra kjarasamninga.
Allt starfsfólk skal hafa jafnan möguleika á launuðu viðbótarstarfi innan skólans.	Starfsmannasamtöl eru nýtt til að ræða viðbótarstörf og/eða verkefni og eru starfsmannafundir nýttir til að kynna hver sér um hvaða verkefni, þ.m.t fá allir tækifæri til að taka þátt í eða hafna viðbótarstörfum (<i>Tryggja gagnsæi</i>).	Leikskólastjóri.	Árlega.

Starfsráðningar starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

Jafnréttissjónarmið skulu, til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið, lögð til grundvallar við ráðningu starfsfólks. Leitast skal við að meta ólík starfssvið, ólíka reynslu og menntun og hæfni við ráðningu. Skv. 8. gr. í lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði 86/2028 er bannað að mismuna fólki í starfi og við ráðningu nánari tiltekið:

„Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna umsækjendum um starf vegna einhverra þeirra þátta sem um getur í 1. mgr. 1. gr., sbr. þó 2. mgr. 1.

gr., 10., 11. og 12. gr. Sama gildir um stöðuhækkun, stöðubreytingu, endurmenntun, símenntun, starfsþjálfun, námsleyfi, uppsögn, vinnuaðstæður og önnur starfskjör starfsmanna.

Mismunun vegna einhverra þeirra þátta sem um getur í 1. mgr. 1. gr. í auglýsingu um laust starf er óheimil sem og birting slíkrar auglýsingar, sbr. þó 2. mgr. 1. gr., 10., 11. og 12. gr.“

*hér er vísað í 1. M gr 1. gr “...óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu,...”

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Framgangur
Að tryggja að laus störf standi öllum opið til umsókna óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu.	Störf í leikskólanum skulu auglýst þannig að auglýsingin höfði til allra. Velja skal þann umsækjanda sem er hæfastur til starfsins á grundvelli menntunar hæfni/færni og reynslu.	Leikskólastjóri.	Þegar á þarf að halda á að auglýsa eftir starfsfólki.
Tryggja að allir njóti sömu möguleika til endurmenntunar, starfsþjálfunar og geti sótt námskeið.	Hvetja starfsfólk til að efla kunnáttu sína og hæfni með því að sækja sér sí- og endurmenntun. Koma þarf á samstarfi við símenntunarmiðstöð á svæðinu með það að markmiði að fá kynningu um náms- og símenntun eftir framboði á vinnustaðnum.	Leikskólastjóri.	Í samtölum við starfsfólk, á starfsmannafundum og á starfsdögum. Að minnsta kosti tvisvar á ári.
Leggja rækt við eins og kostur er að jafna kynjahlutfallið og	Þegar ráðið er í ný störf og valið stendur á milli hæfra		

fjölbreytileika í starfsmannahópnum.	einstaklinga skal ráða þann einstakling sem er af því kyni sem og fólk með fjölbreyttan bakgrunn. Hæfasta fólkið á að öllu jöfnu að ganga fyrir ráðningu.		
--------------------------------------	---	--	--

Einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Einelti er framferði sem ekki líðst á Mánalandi. Einelti er samskiptavandi, síendurtekið andlegt og líkamlegt ofbeldi og beinist að ákveðnum einstaklingi. Gerandi er einstaklingur eða hópur og stundum áttar viðkomandi sig ekki á því að um einelti er að ræða. Í öðrum tilvikum getur einelti verið af ásettu ráði og þá oft vegna þess að gerandanum líður illa. Verði einhver fyrir eða vitni að slíkri framkomu hefur sá hinn sami rétt til að tilkynna háttsemina til leikskólastjóra, deildarstjóra eða öryggistrúnaðarmanns og munu þeir aðilar styðja starfsmanninn við að leita réttar síns og sinna úrlausn málsins í samvinnu við þolanda, geranda/gerendur og sérfróða aðila ef þurfa þykir. Stuðst er við fræðsluefni sem er að finna á heimasíðu Kennarasambands Íslands <https://www.ki.is/kennarastarfid/vinnuumhverfismal/vidbragdsaaetlanir/> Athuga skal að einelti getur bæði beinst að barni og fullorðnum. Einnig er Forvarna- og viðbragðsáætlun Mýrdalshrepps vegna EKKO (einelti, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni, ofbeldi) frá 2022 fylgt eftir á Mánalandi og er sú stefna aðgengileg á heimasíðu Mýrdalshrepps https://www.vik.is/static/files/Reglur_og_samthykkir/ekko-stefna.pdf

Í 14. gr laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020:

„Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana, félagasamtaka og íþrótt- og æskulýðsfélaga skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og notendur þjónustu verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, í stofnun, félagsstarfi eða skólum.

Ef yfirmaður er kærður vegna ætlaðs kynbundins ofbeldis, ætlaðrar kynbundinnar áreitni eða ætlaðrar kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir...”

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Hvers konar kynbundið ofbeldi/áreitni	Veita starfsfólki reglulega fræðslu um kynferðislegt áreitni og kynbundið ofbeldi.	Leikskólastjóri.	Árlega.

er ekki liðið í leikskólanum Mánalandi.	Mikilvægt er að allir hafi svipaðan skilning á því hvar mörkin liggja. https://www.vinnueftirlit.is/vinnuvernd/adbunadur/einelti-areitni-ofbeldi/		
---	---	--	--

Heimildir:

Lög um leikskóla nr. 90/2008 <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>

Lög um jafna stöðu og jafnan réttir kynjanna nr. 150/2020

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2020150.html>

Lög um jafna meðferð á vinnumarkaði nr.86/2018

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2018086.html>

Lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar nr. 85/2018

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2018085.html>

Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 22/1944 <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1944033.html>

Jafnréttisáætlun Mýrdalshrepps 2021 <https://www.vik.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/reglur-stefnur-og-samthyktir>

Aðalnámskrá leikskóla 2011 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf

Eldir útgaf af Jafnréttisáætlun Mánalands var höfð til hliðsjón.